

Skýrsla um Skógræktina á Hallormsstað árið 1940.

Skógurinn: Á skýrslu um skógarhögg og viðarsölu er hér með fylgjandi, sést hvað höggið hefur verið á árinu og viðast til hennar, í heild hefur verið höggið sem hér segir:

	stk.	kg.	Hestburður.
Efniviður	2.612	560 =	
Eldiviður			1045.5
	2.612	560	1045.5

Sala gekk betur en undanfarið. Eftirsburn eftir girðingarstaurum var meiri nú í ár, en nokkru sinni áður. Útlendir girðingastaurar hafa ekki verið fluttir til landsins vogna ófribarins, svo nú varð ab sætta sig við staura úr hérlondum míð, þar sem ekki er öðru til að dreyfa.

Girðingarstaurar voru seldir á 50 og 60 aura stykkid, en valdir staurar á 1. kr. Viður var seldur á 21/4 og 21/2 eyrir kg. eða hestburðurinn á 2 kr, 2.25 og 2.50 kr.

Frævöxtur varð talsverður hér í skóginum. Var safnað ca. 30 kg. Einkum spratt fræ ofan til í skóginum, þar sem minni brögð voru af maðkinum undanfarin ár. Verður ab ætla ab sú sé orsök þess ab fræ þroskuðist ekki nedan til í skóginum, þar sem vaxtarþýlindi eru betri.

Maðkur gerði allmikið vart við sig í skóginum.

Eins og ég gat um í skýrslu mjnni í fyrra, félle veðurathuganir hér niður í byrjun októbermánuði 1949, af því ab hitamælnir brunnu. Fengnir voru nýjir mælar frá veðurstofunni, en ein þeirra var brottinn er hingað kom, og hinir skemmdir, svo ekkert varð af athugunum á þessu ári. Veðurstofan færðist undan því ab senda enn á ný hitamæla, nema því aðeins ab maður hégan frá Hallormsstað taki á móti mælunum þar á staðnum, og færi með pá beina leið hingað. Slikt takifæri gafst ekki fyr en í lok ársins. Nú eru mælarnir komnir hingað, og byrjað á athugunum ú ný. En 3 mánuðir af árinu 1939 og allt árið 1940 féll niður með athuganir. Þó illt sé, verður ekki úr því bætt.

Girðingin: Endurbætur allmiklar voru gerðar á skógargirðinguinni. 2 gaddavírsstrengir voru settir á nýju á allri línumi, frá Selkletti ab þverbjargi, í stað hins stéttar vírs er var áður milli 1. og 2. og 3. gaddavírsstrengs frá jörðu mælt. Ennfremur var settur gaddavírsstrengur ofan við virnet frá Selkletti ab Fljótinu.

og frá Þverbjargi ab Bjargsenda. Auk þess voru ca. 220 birkistaurar og 100 rekaviðsstaurar settir í gírðinguna í stað furustaura og birkistaura er voru rúnir. Þitir er að endurbæta gírðinguna frá Bjargsenda norður ab Hafursá og niður mið henni að Lagarfljóti á ca.

Bá var sett upp gírðing fyrir hesta ca. 1300 metrar að lengd. Fóru í hana va. 7 rúllur af gaddavír og 220 birkistaurar.

Skógurinn varð grænn 1. júní.

Plöntað var í skóginum 500 stk af *Pinus contorta*, var latifalia upp af fræi frá British Columbia, þar sem meðalhiti er talinn  $11^{\circ}\text{C}$ . og ársúrkoma 14.66 m.m. á 54.47 m.br. og  $117^b$  ll v.l. ó 670 metr. hæð yfir sjó. Plönturbessar lifðu allar vel í sumar. Barrtrjám sem plantað hefur verið undanfarin ár fór vel fram í sumar.

Græðireiturinn: Sáb var 4 kg. Birkifræi og 22 kg Reynifræi Frá Bessastöðum í Fljótsdal 4  $\frac{1}{2}$  kg. Frá Hrafnkellsstöðum 8 kg. Viðivöllum 4½ kg. Hellormsstaðaskógi 5 kg. Samtals 22 kg.

Dreiplantað var: Birki ca. 24.000 stk.

- - - - -	Reynir	-	8.400	-
- - - - -	Skógarfura	-	5.000	-
- - - - -	<u>Hvítgreni</u>	-	1.500	-

Samtals: 43.900 stk.

Auk þess settir ribsstiklinger 5.000 -

Vanhöld urðu mikil áz dreiplontubetum, t.d. birki bæði ab vorinu og eins yfir symarið. Um orsakir þessara vanhalda verður ekki sagt með vissu. Reynslan bendir til að litlum fræplöntum sé hættara en stárrí plöntum.

Útlátnar plöntur úr græðireitnum:

Seldar plöntur	birki	10.169	stk.
- - - - -	reynir	3.170	-
- - - - -	fura	617	-
- - - - -	greni	245	-
- - - - -	lérkí	10	-

Samtals 14.211 stk.

Plantað í skóginum	fura	500	et. <i>Pinus contorta</i> ?	
		samtals	14.711	stk.

Sandur var keyptur í græðireitinn va. 140 Herruhlöss. Áburður var gefinn birki og reyniplöntunum að sumrinu, bæði smáum og stórum.

Á ryðsveppi á birkifræbeðum bar nokkuþ, en honum var haldið í skefjum með Bordou-dufti. Sumarið var kalt framan af maí, en um miðjan maí brá til hita og fram í miðjan júní. Einnig í júlí og ágúst var sámileg sumarstíð, en engin beruleg hlýindi. September var kaldur og snjóaði þá á norðurlandi. Þar sem engar veðurathuganir voru hér, verður petta yfirlit aðeins ágiskun.

Námskeið átti að halda, en aðeins 1 stúlka mætti, en 2 boðuðu forföll á síðustu stundu.

Byggingar: Rifin voru bæjarhús á Ormssöðum og úr viðnum og járnþakinu reist skemma hér heima. Smiðjukofa átti einnig að byggja úr viðnum og járninu, en þeiri framkvæmd var frestað til næsta vors. Efni er nægilegt í smiðjunum og eins til lagfæringar á vegg austan við skúrbýgginguna, þar sem er eldhús, búr og svefnherbergi. Þessari lagfæringu verður einnig frestað til næsta vors.

Ferðir: Fór út á Hérað, að Hjaltastað og Kirkjubæ og athugiði þar skógarleyfarnar, þar sem enn eru skógarleyfar þar í sveit. Í sérstöku bréfi geri ég grein fyrir athugnum mínum, á þessum skógarjörðum.

Hallormsstað 18. janúar. 1941.  
Gutormur Pálsson.